

Ágæti viðtakandi!

Ég heiti Stefán Magnússon og er bóndi í Fagraskógi við Eyjafjörð. Ég hef verið formaður sóknarnefndar Möðruvallaklausturssóknar síðustu 20 ár. Ég hef auk þess verið kirkjuþingsfulltrúi frá árinu 2010 og býð mig nú fram til áframhaldandi starfa á næsta kjörtímabili. Auk þess að sitja á Kirkjuþingi var ég í Kirkjuráði frá árinu 2014 til síðustu áramóta en þá var ráðið lagt niður vegna skipulagsbreytinga. Síðustu tvö kjörtímabil hef ég starfað í löggjafarnefnd Kirkjuþings og að auki setið í ýmsum öðrum nefndum á vegum þingsins.

Á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka hafa orðið miklar breytingar á fyrirkomulagi yfirstjórnar í Þjóðkirkjunni. Ég tók virkan þátt í að hrinda þeim af stað. Ég sat til að mynda í nefnd sem vann að nýjum þjóðkirkjulögum sem gengu í gildi 2021 og hef unnið ötullega að innleiðingu þeirra ásamt góðum hópi fólks.

Árið 2020 ritaði ég grein í *Kirkjuritið* þar sem ég gerði grein fyrir hugmyndum mínum um skipulag á yfirstjórn Þjóðkirkjunnar með tilliti til breytinga á ytra umhverfi kirkjunnar. Einkum ber þar að nefna nýjan samning ríkis og þjóðkirkju um fjárhagsleg samskipti frá 2019 og drög að fyrrnefndum þjóðkirkjulögum sem þá lágu fyrir. Má segja að í öllum aðalatriðum hafi hugmyndir þær sem ég sett fram orðið að veruleika í því skipulagi sem síðan var samþykkt og verið er að koma á þessar vikurnar.

Ástæður þess að ég ákvað að bjóða mig að nýju fram til Kirkjuþings eru einkum þær að ég hef mikinn áhuga á að fylgja eftir þeim breytingum sem samþykktar voru á aukafundi Kirkjuþings s.l. haust og ég átti þátt í að móta. Það vegur líka þungt að ég vil taka þátt í því af fremsta megni að koma á jafnvægi í rekstri Þjóðkirkjunnar en halli hefur verið töluverður undangengin ár. Tveir meginþættir valda hallanum. Launaútgjöld eru of há. Það þýðir að fækka þarf starfsfólki. Einnig þarf að auka tekjur af fasteignum og draga úr kostnaði við þær. Þetta eru ekki vinsælir málaflokkar að takast á við. Óhjákvæmilegt er þó að ganga verkið, ef bæta á reksturinn. Að mínu mati er loks afar nauðsynlegt að bæta upplýsingaflæði milli yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar og sóknarnefnda og skýra betur forsendur fyrir ákvörðunum þingsins fyrir nefndunum.

Að lokum vil ég brýna þau sem kosningarétt hafa í kjöri til Kirkjuþings að nýta rétt sinn. Í því sambandi væri jafnvel hollt að hugsa til þess að allt eins mætti tala kosningaskyldu. — Með því að taka þátt í kjöri til Kirkjuþings sýnum við hollustu okkar í garð Þjóðkirkjunnar.

Með góðum kveðjum

Stefán Magnússon

